


Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. ágúst 2011  
UST20110800153/hmj


### Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Þingdal, Flóahreppi


Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps dags. 17. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu. Fyrirhugað skipulagssvæði er 60,1 ha lands úr Þingdal, þar af eru 11,7 ha fyrirhugaðir undir lögbýli og 48,4 ha undir frístundabyggð.

### Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Samkvæmt gróðurkortu sem birt var í aðalskipulagi Villingaholts 2006-2018 er að finna votlendi umhverfis skipulagssvæðið en skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að svæðinu hefur þegar verið raskað og votlendi að mestu leyti framræst, þ.a.l. hefur verndargildi svæðisins þegar verið rýrt. Að öðru leyti en framangreinit gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri

  
Halla M. Jóhannesdóttir